Brýnustu áhersluverkefni Eyþings 2018 - 2022

Samantekt frá aðalfundi í Mývatnssveit 21. september 2018

EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

alta

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur **2**

2 Samantekt **3**

2.1 Vannýtt tækifæri og brýn úrlausnarefni 3

Akureyrarborg 3

Byggðaáætlun 3

Eyþing 4

Félagsþjónusta 5

Ferðaþjónusta 5

Heilbrigðismál 5

Húsnæðismál 6

Innviðir 6

Íbúalýðræði 6

Ímyndaruppbygging 6

Menningarmál 7

Menntun 7

Norðurskautamál 7

Raforkukerfið 7

Samstarf 7

Sóknaráætlun 8

Svæðisskipulag 8

Sýn 8

Úrgangsmál 8

2.2 Af hverju samvinna? 9

2.3 Hlutverk Eyþings 10

3 Að lokum **11**

A1367-003-U03

1 Inngangur

Eyþing vinnur nú að því að móta starfsáætlun til næstu fjögurra ára. Til að fá innlegg í þá vinnu var haldinn samráðsfundur með fulltrúum á aðalfundi samtakanna í Mývatnssveit dagana 21. - 22. september s.l.

Á samráðsfundinum var rætt um helstu áhersluverkefni Eyþings landshlutanum til framdráttar, hvert hlutverk Eyþings ætti að vera og hverju gott samstarf innan landshlutans gæti komið í kring. Eyþing fékk Halldóru Hreggviðsdóttur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Alta, til að skipuleggja með sér tilhögun samráðsfundarins og sjá um hann.

Samráðsfundurinn var tvískiptur. Fyrri hlutinn var í svokölluðum heimskaffi stíl. Þar snérist samtalið um spurninguna:

„Hvaða vannýttu tækifæri og brýnustu úrlausnarefni tengjast sveitarfélögunum í Eyþingi á næstu misserum?"

Dregin voru fram dæmi um möguleg viðfangsefni s.s.:

- Lögbundin verkefni s.s. sóknaráætlun
- Mennta- og menningarmál
- Samgöngumál
- Heilbrigðismál
- Skipulags-, umhverfis- og auðlindamál - s.s. svæðisskipulag, úrgangsmál
- Atvinnumál
- Byggingarmál
- Hlutverk og framtíð sveitarstjórnarstigsins s.s. sameining sveitarfélaga
- Almenn fræðsla og miðlun

Í framhaldi svöruðu fundarmenn hver um sig eftirfarandi spurningum, þar sem fundarstýra las upp helstu niðurstöður í lokin:

- *„Af hverju erum við að vinna saman?"*
- *„Hvert er hlutverk Eyþings í þeim viðfangsefnum sem hér hafa verið nefnd?"*

Hér er birt samantekt á niðurstöðum samráðsins frá þessum fundi.



2 Samantekt

2.1 Vannýtt tækifæri og brýn úrlausnarefni

Hér eru tíunduð helstu viðfangsefnin sem rætt var um á fundinum í tengslum við spurninguna:

„Hvaða vannýttu tækifæri og brýnustu úrlausnarefni tengjast sveitarfélögunum í Eyþingi á næstu misserum?"

Röðun viðfangsefnanna sem fram komu er í stafrófsröð og segir því ekkert til um mikilvægi þeirra að mati fundarmanna. Almennt hefur verið við úrvinnslu lögð áhersla á að nýta orðalag beint úr gögnum eins og kostur er.

Akureyrarborg

Fram kom sú hugmynd að landshlutinn þurfi að standa sameinaður útávið og styðja við uppbyggingu Akureyrarborgar sem mótvægi við Reykjavík-city. Það myndi leiða til styrkingar landshlutans. Akureyri verði borg sem sé raunverulegur valkostur við Reykjavík. Þetta sé langtíma verkefni sem byrja þurfi á strax.

Byggðaáætlun

Vinna þarf sameiginlega byggðaáætlun og markvissari sóknaráætlun fyrir svæðið í heild. Þar væri áætlun um uppbyggingu innviða s.s.:

- samgönguáætlun,
- orku- og auðlindaáætlun,
- byggðaáætlun,
- húsnæðisáætlun og
- áætlun um uppbyggingu heilsugæslu.

Allir þyrftu að vera samstíga í að vinna áætlunina og vinna eftir henni. Það styrki svæðið. Bent var á svæðisskipulag sem mögulegan samnefnara í þessu sambandi.

Eyþing

Margvíslegar ábendingar komu varðandi Eyþing, stöðu þess, verkefni og hlutverk. Þær fara hér á eftir:

Efla þarf Eyþing svo það geti verið öflugur málsvari fyrir öll 13 sveitarfélögin, með því að leggja áherslu á þau verkefni sem hægt er að sameinast um. Nauðsynlegt sé að aðild allra sveitarfélaganna sé tryggð við ákvörðunartöku.

Efla þarf Eyþing sem sterkan málsvara svæðisins og útbúa aðgerðaráætlanir í helstu málaflokkum og byggja forgangsröðun á þeim. Þar verði m.a. horft til samgangna, orkumála, s.s. rafbíla og atvinnuuppbyggingar, umhverfismála s.s. förgunar sorps, fjarskipta og forvarna. Svæðisskipulag verði grunnur að samstarfi. Með svæðisskipulag í hendi verði stefna skýr og þá geti Eyþing betur gegnt hlutverki öflugs málsvara svæðisins.

Eyþing sé mikilvægur vettvangur samstöðu og sameiningartákn þar sem sveitarfélögin sameinast um stór verkefni. Eyþing þurfi að styrkja. Spurning hvernig traust sé aukið á Eyþing sem sameiningarvettvangi. Í því sambandi þurfi að efla aðild allra 13 sveitarfélaganna að Eyþingi, mögulega í gegnum fulltrúaráð.

Til að lýðræðið virki í samstarfi sveitarfélaganna í gegnum Eyþing þurfi þau öll að eiga fulltrúa í stjórn. Framkvæmdaráð með færri fulltrúum gæti síðan séð um fókusinn á milli stjórnarfunda.

Lagt var til að Eyþing, AFE og AÞ verði sameinuð. Þannig væri hægt að byggja upp slagkraftinn á einum vettvangi.

Bent var á að brýnt væri að Eyþing yrði samráðsvettvangur sem marki langtímastefnu og áætlanir í öllum helstu málaflokkum. Þar verði framtíðarsýn Eyþings mótuð til 2030. Eyþing standi einnig fyrir árlegri ráðstefnu um málefni sem brenna á svæðinu. Eyþing verði þannig öflugur málsvari svæðisins.

Eyþing sjái um sterka hagsmunagæslu fyrir landshlutann. Það verði einnig lærdóms- og þekkingarsamfélag kjörinna fulltrúa.

Eyþing á að vera vettvangur þar sem sveitarfélögin koma sér saman um stefnu og hvernig þau vilja berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum sem þau hafa greint og forgangsraðað. Vettvangur þar sem sveitarfélögin taka höndum saman og styðja hvert annað.

Ábendingar komu fram um að nota orðið landshluti yfir starfssvæði Eyþings.

Félagsþjónusta

Eitt af brýnustu úrlausnarefnum er að ná betri tökum á félagsþjónustunni.

Ferðaþjónusta

Vinna þarf svæðisskipulag sérstaklega fyrir ferðaþjónustuna. Það mun leiða til skilvirkari uppbyggingar og markaðssetningar fyrir svæðið í heild.

Tækifæri felast einnig í að tengja betur matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu.

Heilbrigðismál

Mikilvægt er að Sjúkrahúsið á Akureyri verði algjört mótvægi við Landspítalann. Einnig felast tækifæri í bættri samþættingu háskólans og sjúkrahússins. Auk þess þyrfti að horfa betur til mönnunar í heilbrigðismálum.

Húsnæðismál

Bent var á að brýnt væri að bæta stöðu landshlutans í húsnæðismálum. Öll sveitarfélög nema Akureyri væru í pattstöðu varðandi uppbyggingu húsnæðis, þar sem of langt bil væri á milli byggingarkostnaðar og markaðsverðs. Einnig var bent á að halda ætti ráðstefnu um húsnæðismál.

Innviðir

Almennt þarf að styrkja samgöngur og aðra innviði á norðausturhorninu. Bættar samgöngur eru því eitt brýnasta verkefni svæðisins. Þar þarf að horfa til vega, flugvalla, rafmagns og upphitunar. Staðan á þessu sviði sé gríðarlega ólík á milli svæða. Móta þurfi sameiginlega sýn og ákveða forgangsröðun varðandi uppbyggingu á sviði samgöngumála á sameiginlegum grunni.

Uppbygging Akureyrarflugvallar er eitt brýnasta verkefnið. Þar liggja vannýtt tækifæri í millilandaflugi og því þurfi að styrkja flugvöllinn sem alþjóðaflugvöll. Millilandagátt þessi sé mikilvæg fyrir dreifingu ferðamanna. Uppbygging flugvallarins sé einnig mikilvæg til að styrkja innanlandsflug.

Bent var á tvær gáttir, Finnafjörð og AEY international. Einnig var bent á að halda ætti ráðstefnu um samgöngur.

Íbúalýðræði

Brýnt er að koma íbúum að ákvörðunum og auka íbúalýðræði.

Ímyndaruppbygging

Styrkja þarf ímynd svæðisins sem ákjósanlegs valkosts til búsetu. Endurskoða þurfi hlutverk markaðsstofunnar og kanna hvernig hægt er að nýta hana til að fjölga íbúum.

Menningarmál

Menningarmálin eru brýn, þar sem menning á dreifbýlum svæðum þarf verulegan stuðning.

Menntun

Efla þarf menntun og þekkingarstarfsemi. Sérstaklega þarf að efla tækifæri í verkmenntun fyrr í kerfinu. Sérstaklega sé það úrlausnarefni að endurskoða menntakerfið sem leiði nemendur frá atvinnulífinu. Of mikil áhersla sé á bóklegt nám, það séu tækifæri í tækni. Tryggja þurfi uppbyggingu verknáms á Akureyri. Einnig þurfi að fullnýta tækifæri sem felast í starfsemi Háskólans á Akureyri.

Norðurskautamál

Bent var á að norðurskautið og norðurskautamál væru vannýtt tækifæri.

Raforkukerfið

Móta þarf sameiginlega sýn um raforkuflutninga og áætlun um uppbyggingu raforkukerfisins. Byrja þarf á því að tryggja 3 fasa rafmagn í dreifbýli. Bent var á að vannýtt tækifæri felist í afhendingu raforku til uppbyggingar á sviði atvinnumála.

Samstarf

Við verðum að opna gáttir milli sveitarfélaga í samstarfi og samtali. Þekking og miðlun á milli sveitarfélaga er mikilvæg. Þau þurfi að vera duglegri að ræða saman og leita að sameiningartákni - „við".

Lagt er til að viðfangsefnum verði fundinn réttur samstarfsvettvangur á nokkrum stigum. Eyþing komi að samstarfi í stórum og víðfeðmum verkefnum, byggðasamlög komi að þar sem hentar og síðan sveitarfélög á neðsta stigi. Hagsmunagæsla sé á efri stigum en rekstur á þeim neðri. Meginlínur í atvinnustefnu komi einnig fram á hærra stigi.

Sóknaráætlun

Mikilvægt er að nýta fjármuni Sóknaráætlunar betur og auka vitund fólk um þá áætlun.

Svæðisskipulag

Bent var á að gerð svæðisskipulags væri brýnt úrlausnarefni. Undirbúningsvinna fyrir svæðisskipulag ferðaþjónustu hafi verið farin af stað og þar hafi verið rætt um viðfangsefni eins og:

- atvinnustefnu og tækifæri á því sviði,
- umhverfisstefnu,
- auðlindir landshlutans og kortlagningu þeirra og
- markaðssetningu svæðisins sem einnar heildar.

Í gegnum svæðisskipulagsvinnuna komi fram skýr stefna og afmörkuð verkefni vegna uppbyggingar landshlutans. Svæðisskipulagsvinnan tryggi einnig samráð, samtal og samvinnu sveitarfélaganna.

Sýn

Brýnt er að móta sameiginlega sýn um hagsmuni landshlutans.

Úrgangsmál

Úrgangsmálin eru brýn forgangsmál, þar sem vinna þarf sameiginleg að lausnum. Þar er gott samstarf ríkis og sveitarfélaga afar mikilvægt.

2.2 Af hverju samvinna?

Hér er samantekt yfir helstu svör fundarmanna við spurningunni:

„Af hverju erum við að vinna saman?"

Fundarmenn voru sammála um að landshlutinn þyrfti að tala einum rómi, sem öflugur málsvari sveitarfélaganna. Sveitarfélögin væru öflugri sem ein heild og hafi meiri slagkraft. Skýr sameiginleg stefna sem fylgja þurfi eftir sé lykilatriði góðs árangurs. Hagsmunir þeirra fari saman og samvinna tryggi betri árangur í þeim verkefnum sem sameiginlega þurfi að vinna að. Með samvinnu nýtist kraftar og þekking landshlutans betur og þjónusta batni, til eflingar sveitarfélaganna sem eftirsóknarverðs búsetukosts. Þannig megi efla og styrkja landshlutann í heild og bæta lífsgæði íbúa Norðausturlandi til heilla.

Loks er rétt að nefna að spurt var hvort verið væri að vinna saman? Einnig var bent á að finna þurfi út úr samstarfsvanda Eyþings. Það þurfi að finna samhljóminn um hvað tengi sveitarfélögin, svo þau geti haldið áfram að vera sterk saman.

„Við lyftum þyngra hlassi saman en hvert í sínu lagi"

„Við vinnum saman til að auka hamingju íbúa Eyþings"

2.3 Hlutverk Eyþings

Hér er samantek yfir helstu svör fundarmanna við spurningunni:

„Hvert er hlutverk Eyþings í þeim viðfangsefnum sem hér hafa verið nefnd?"

Ábendingar sneru einkum að því að Eyþing ætti að vera vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar fyrir landshlutann í heild, þar sem fram kæmi styrk framtíðarsýn um þróun hans. Á grunni stefnunnar eða annarra ákvarðana, þá ætti það að vera hlutverk Eyþings að fylgja verkefnum eftir og öðrum sameiginlegum hagsmunamálum til framþróunar landshlutans. Eyþing skapi einnig grundvöll fyrir samtali á milli landshluta.

Ábendingar snerust einnig um að Eyþing ætti að skapa samráðs- og samstarfsvettvang um helstu málefni landshlutans og sjónarmið, sem hefði það að markmiði að auka skilning og traust. Margir tengdu þessa ábendingu við stefnumótunarþáttinn, en aðrir lögðu einkum og sérílagi áherslu á þetta hlutverk Eyþings sem samráðs og samstarfsvettvang.

Einnig var bent á Eyþing sem sameiginlegan og sterkan málsvara út á við og sem aðila sem sæi um hagsmunagæslu fyrir landshlutann og gætti sameiginlegra hagsmuna íbúa hans.

Sú skoðun kom fram að Eyþing ætti að koma að þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og sjá um fræðslu fyrir sveitarfélögin. Einnig að Eyþing haldi utanum sameiginlega gagnagrunna og „markaðstorg" til að efla nýsköpun.

Loks komu fram ábendingar um að Eyþing verði samnefnari fyrir góð lífsskilyrði og búsetugæði. Að Eyþing ætti ekki að koma að rekstri og að Eyþing ætti ekki að verða þriðja stjórnsýslustigið. Einnig var bent á að hlutverk Eyþings væri ekki nægjanlega stórt og sú skoðun að það myndi vonandi stækka í framtíðinni. Loks kom fram sú ábending að Eyþing komi að svæðisskipulagsgerð, með yfirsýn og verkstjórn.

3 Að lokum

Samtalið á samráðsfundinum var fjörlegt og skemmtilegt og greinilega mikill áhugi á samvinnu sveitarfélaganna við uppbyggingu í landshlutanum. Áhersla er á mótun sameiginlegrar sýnar og snúast helstu sameiginlegu verkefni um styrkingu og uppbyggingu innviða og byggðaþróun almennt.

Hlutverk og aðkoma Eyþings að uppbyggingu landshlutans var fundarmönnum hugleikin. Ábendingar snérust einkum að því að Eyþing ætti að vera vettvangur samstarfs, samráðs og mótunar sameiginlegrar sýnar um framtíðarþróun landshlutans sem heildar. Á það var einnig bent að tryggja þurfi betur aðild allra sveitarfélaganna í Eyþingi að ákvörðunartöku og bent á færar leiðir í því sambandi.

Eins og fram kemur hér að framan þá voru fundarmenn sammála um að landshlutinn þyrfti að tala einum rómi, sem öflugur málsvari sveitarfélaganna. Þau lyfti þyngra hlassi saman en hvert í sínu lagi. Með öflugri samvinnu megi efla og styrkja landshlutann í heild og bæta lífsgæði íbúa Norðausturlandi til heilla.